

## Háskólaráðsfundur, Bifröst 17. október 2012, kl. 14:00

**Mætt:** Jón Ólafsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Stefán Sveinbjörnsson, Lee Ann Maginnis, Andri Björgvin Arnþórsson, Hallur Jónasson, Jón Ingi Smáráson, Viktor Elísson, Aagot Óskarsdóttir, Guðmundur Ólafsson og Maj-Britt Hjördís Briem sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir síðustu tveggja funda

Fundargerð Háskólaráðsfundar nr. 136: Samþykkt.

Fundargerð Háskólaráðsfundar nr. 137: Samþykkt með þeim fyrirvara að Guðmundur Ólafsson verði skráður mættur á þann fund en ekki fjarverandi. Fundargerðin er trúnaðarmál og verður því ekki birt á vef Háskólans á Bifröst.

### 2. Lánasjóður íslenskra námsanna (LÍN)

Rektor upplýsir fundinn um samskipti Háskólans á Bifröst og Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) undanfarna mánuði. Málavextir voru þeir við innra eftirlit hjá LÍN kom í ljós að misvísandi upplýsingar höfðu verið gefnar um námsferla nokkurra nemenda á Bifröst. Einhver misskilningur virðist hafa verið á meðal starfsmanna skólans um hlutverk þeirra gagnvart LÍN, m.a. um vinnuferla og verklag vegna tilfærslu eininga á milli anna. Skólanum er ekki ætlað að framkvæma slíkar tilfærslur en svo virðist sem starfsmenn skólans hafi í einhverjum tilvikum talið sér heimilt að gera slíkar tilfærslur. Í kjölfar skoðunar LÍN fengu nokkrir nemendur og fyrrum nemendur ofgreiðslubréf og LÍN gerði athugasemdir við upplýsingar um námsárangur nemenda frá Háskólanum á Bifröst. Í framhaldi af þessu hefur rektor látið yfirfara allt verklag við nemendaskráningu og mun Háskólinn á Bifröst auk þess framvegis láta endurskoða nemendabókhalð skólans skv. þjónustusamningi við ráðuneytið. Verklagsreglur innanhúss eru í endurskoðun. Í sumum tilvikum þeim sem LÍN hefur sent nemendum ofgreiðslubréf hefur verið unnt að leiðrétta misskilning en nokkur mál eru þess eðlis að nemendur hafa fengið skráðar einingar á sig sem þeir hafa ekki lokið. Í þeim málum ber að hafa í huga að Háskólinn ber ekki lagalega ábyrgð á slíkum málum enda er það nemandinn sem er „viðskiptavinur“ LÍN og ber sjálfur ábyrgð á sínum námsferli og upplýsingagjöf um hann samkvæmt lögum LÍN. Umræður.

### 3. Gæðamál

#### a. Starf vinnuhópa og heimsókn erlendra sérfræðinga

Erlendir sérfræðingar heimsækja Bifröst dagana 17-19 október til þess að aðstoða vinnuhópa við innri úttekt á HHS-námslínunni, menningarstjórnunarnáminu, fjarnámi viðskiptafræði í grunnnámi sem og Alþjóðaviðskiptanáminu. Þessi vinna eru hluti af gæðastarfi Háskólans á Bifröst.

#### b. Ráðstefna stúdenta á Akureyri

6-8 nemendur frá Háskólanum á Bifröst fóru á ráðstefnu stúdenta á Akureyri en Signý Óskarsdóttir stýrði ráðstefnunni. Þátttaka af hálfu nemenda Háskólans á Bifröst því góð. Umræður spunnust á fundinum um kennsluhætti Háskólanna almennt og kennsluhætti Háskólans á Bifröst og að nemendur á Bifröst eigi fullt erindi í þá umræðu enda kennsluhættir þeir sem iðkaðir hafa verið á Háskólanum í

Bifröst í lengri tíma mjög í umræðunni nú þ.e. kennsla í litlum hópum, verkefnavinna osfrv. en slíka kennsluhætti eru hinir háskólarnir að taka upp í æ ríkara mæli.

#### 4. Fjárlög 2013 og framlög til Háskólans á Bifröst

Rektor upplýsir fundinn um fjárframlög til Háskólans á Bifröst samkvæmt fjárlögum. Spurt hvort Jakaból sé hluti af skólanum eða alfarið á ábyrgð nemenda? Rektor bendir á að Jakaból hafi fengið úthlutun úr Félagsmálasjóði til tækjakaupa og viðhalds. Skólinn eigi húsnæðið og allt viðhald sé á bið vegna skorts á fjármagni. Umræður. Bent á að Jakaból hefur verið sameiginlegt verkefni nemenda og Háskólans á Bifröst og áréttað að það sé mikilvægt fyrir andlega vellíðan á svæðinu.

#### 5. Önnur mál

##### a. Brunavarnir.

Spurt um brunaeðingu og hvort það þurfi ekki að gera viðbragðsáætlun og kynna hana fyrir nemendum? Stefán Sveinbjörnsson segir að búið sé að gera rýmingaráætlanir fyrir hverfin hér á svæðinu og það þurfi að kynna þær reglulega á hverju hausti og halda brunaeðingu. Bent á kosti þess að setja upp kort með rýmingaráætlun, aðgengilega öllum. Umræður. Stefán Sveinbjörnsson skipuleggur brunaeðingu hið fyrsta.

##### b. Drykkjarvatnsmál

Bent á að mjög gruggugt vatn komi úr krönum hér á svæðinu og ekki hafi t.d. verið hægt að setja barn í bað á tímabili. Stefán Sveinbjörnsson segir að nóg sé til af köldu vatni – lagnirnar sem séu í húsunum séu hins vegar rangar lagnir miðað við það vatn sem um þær rennur og því tærist lagnirnar. Það er verið að skipta út lögnum. Spurt er hvort vantið sé drykkjarhæft og Stefán mun kanna það.

##### c. Íbúðalánasjóður

Spurt er um Íbúðalánasjóð og yfirtöku hans á íbúðarhúsnæði og hvort breytinga sé að vænta með tilkomu hans? Rektor nefnir að þessi breyting hafi tekið lengri tíma en menn hafi búist við og erfitt að segja til um hvenær þær nái í gegn. Breytingin muni hafa í för með sér að skólinn sjái ekki lengur um íbúðarhúsnæði á svæðinu og þjónustu vegna þess sem kunnir að hafa einhverja frekari breytingar í för með sér fyrir íbúa á staðnum, þótt ólíklegt sé að þær verði miklar. Hins vegar ber að hafa í huga að nemendur, Háskólinn á Bifröst og Íbúðalánasjóður eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta að þjónustan sé góð og leiguverð sanngjarnt.

##### d. Trúnaðarmál vegna nemenda. Ekki birt á vef.

##### e. Vinnuhelgar

Fyrirspurn um vinnuhelgar og hvort það eigi ekki að hafa viðburði á þessum helgum í ríkara mæli en nú er. Umræður. Hafa ber í huga að þetta eru „vinnu“helgar. Hins vegar sé tilvalið að skoða það að tengja stað og fjarnemendur betur saman svo líf sé í háskólaþorpinu þegar að fjarnemar mæta. Gerðar

hafa verið tilraunir með að blanda þessum nemendahópum saman hvort sem um nám eða skemmtanir sé að ræða.

**Fundi slitið kl. 15:05**